



Stóri bróðir hefur gætur á þér

New York og Valencia, 8. febrúar 2013

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn um Frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén - 421. mál  
lagafrumvarp 141. löggjafarþingi 2012–2013.**

1984 ehf hýsir röklega 14% léna undir höfuðléninu .is og er þar með stærsti hýsingaraðili .is léna. Við verðum því að teljast til mikilvægustu hagsmunaaðila þegar kemur að lagasetningu um íslensk höfuðlén.

Við fögnum við því að vinna við lagasetningu á þessu mikilvæga sviði sé hafin en hörmum ákaflega það frumvarp sem hér er til umsagnar. Við lýsum hér þeirri einlægu von okkar að frumvarp þetta verði lagt til hliðar og hafin vinna við nýtt, nothæft frumvarð sem verði að endingu til þess þess réttindum netverja verði vel borgið á Íslandi. Við vonum að slík löggjöf um íslensk höfuðlén muni setja skarpar hömlur á möguleika opinberra aðila og annarra til afskipta af léna- og netmálum á Íslandi, umfram það sem þarf til að tryggja rekstraröryggi, gæði og sanngjarnar leikreglur. Frumvarp það, sem þessi umsögn fjallar um, er ekki til þess fallin að ná þessum markmiðum. Frumvarpið er okkar mati líklegt til að færa stjórn lénamála á Íslandi undir geðþótta stjórnámálanna og vald þeirra í gegnum Póst- og Fjarskiptastofnun og til þess að setja gamaldags, úreltar reglur um rétt til skráningar undir íslenskum höfuðlénunum.

Hjá 1984 höfum við þungar áhyggjur af tilhneigingu til ofstjórnunar á Internetinu. Við erum ekki ein um þær áhyggjur, eins og berlega hefur komið í ljós á síðustu mánuðum þegar stjórnámálaskörungar hafa verið gerðir afturreka með furðuhugmyndir sínar þar sem þeir reyna að ná stjórn á Internetinu, sbr. SOPA, ACTA og PIPA sem almenningur í Bandaríkjunum og Evrópu hefur sameinast um að hafna gjörsamlega. Internetið er sjálfsprottið og hefur að mestu sett sér sínar reglur sjálf og má hverjum manni vera augljóst að sjaldan í sögunni hefur nokkuð gefist betur til vaxtar og viðgangs en það fyrirkomulag. Internetið er á örskömmum tíma orðið mikilvægasti og öflugasti miðill til tjáningar og upplýsingamiðlunar sem mannkynið hefur nokkurtíma haft einmitt vegna þess að tekist hefur að mestu leiti að halda sjálfstæði þess gagnvart geðþóttavaldi stjórnamála- og valdsmanna. Þegar svo öflugur miðill er aðgengilegur öllum verður fyrirsjáanlega til sterk tilhneiging til að skapa möguleika fyrir hömlur á notkun hans, gjarnan með almannahag að yfirvarpi. Hættan við lagasetningu á þessu sviði er sú að til verði lögvarðar aðferðir til þöggunar og að eðlilegur réttur til tjáningar og frelsi til athafna víki smám

saman fyrir öðrum hagsmunum, t.d. höfundarrétti eða einkaleyfaréttindum, siðferðislegum skoðunum ráðherra og valdsmanna eða annars konar geðþótta þeirra er halda um valdatauma hverju sinni. Það er, að okkar mati, gífurlega mikilvægt við undirbúning löggjafar um internetið og notkun þess að hafa þessa hættu ávallt í huga, en það virðist alveg hafa farist fyrir í vinnslu frumvarps þessa.

Því þarf að skilgreina í upphafi hver andi og tilgangur slíkra laga ætti að vera og er það bjargföst trú okkar að frumforsenda slíkrar löggjafar eigi að vera frelsi og sjálfstæði Internetsins og lögin ættu því fyrst og fremst að vera réttindaskrá, en að öðru leyti almennar, einfaldar og skýrar leikreglur. Þannig er ekki andi þess frumvarps sem hér er til umræðu. Andi þess er opinbert eftirlit með skráningum, yfirgripsmiklar valdheimildir til afskráningar og niðurtöku, óþarft og mjög kostnaðarsamt lag af yfirstjórn yfir lénamálum og risastórt, óþarft lag af yfirstjórn og voldugu eftirliti inni í Póst- og fjarskiptastofnun. Þetta síðarnefnda væri hugsanlega skiljanlegt ef reynslan hefði sýnt að þessa þyrfti við til að tryggja hag notenda og neytenda Internetsins á Íslandi. Svo er ekki, og hefur skráning léna og utanumhald um landslénið .is verið sérstaklega vel af hendi innt hjá ISNIC, jafnræðis- og frelsssjónarmiða þrýðilega gætt og deilumál farsællaga útkljáð.

Frumvarpið virðist vera samið af alveg ótrúlegri fákunnáttu á því sviði sem því er ætlað um að véla. Á það við um tæknileg atriði en ekki síður virðist frumvarpið furðulega vanhugsað þegar horft er til mögulegra afleiðinga hinna ýmsu ákvæða á netsamfélagið á Íslandi. Það hefur gefist vel að láta internetið um sjálft sig, eins og hverjum manni má vera augljóst. Mikil hætta er á að lagasetning sem lögfestir möguleika á að hamla netfrelsi leiði til ritskoðunar og eyðileggjandi hafta þótt allt sé gert í góðri trú í upphafi. Þetta frumvarp er til þess fallið að skapa slíka hættu. Jafnvel virðist ætlun höfunda frumvarpsins vera að hamla skráningum léna á forsendum þjóðernis þess er skrá vill, sem er satt að segja með algerum ólíkindum og gjörsamlega ótækt, en er gott dæmi um hvert viðhorf liggur grundvallar samningu frumvarpsins. Enda er eini röstuðningurinn fyrir því í athugasemdum við frumvarpið að Finnland og Noregur geri þetta svona. Það er fremur slælegur rökstuðningur, svo ekki sé mun fastar að orði kveðið. Við er þetta ritum fylltumst vonleysi þegar við sáum að vitleysa þessi væri enn óbreytt í þessari þriðju holdtekningu frumvarps um íslensk höfuðlén.

Hjá 1984 ehf viljum við því gerast svo djarfir að leggja til að frumvarp þetta, í því formi og anda sem það er nú, verði lagt til hliðar og vinna við lagasetningu um íslensk höfuðlén verði hafin á ný á öðrum forsendum. Fengið verði að því borði fólk sem skilur tæknina og þekkir til strauma og stefna í Internetmálum á alþjóðavettvangi og höfð hliðsjón af góðum lögum um þessi mál, t.d. þeim sænsku sem eru afburðagóð. Mikilvægast er þó, áður en slík vinna er hafin, að skilgreina markmið vinnunnar. Við hjá 1984 ítrekum að þau ættu að vera, frelsi, jafnrétti og skýrar leikreglur. Ekki eftirlit, hömlur og yfirvald.

Virðingarfyllt,  
Mörður Ingólfsson og Sigurður Þorfinnur Einarsson  
1984 ehf